

Fimmti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn mánudaginn 19. janúar, 2015, klukkan 17:30 í Kruðerí Kaffitárs, að Nýbýlavegi 12 í Kópavogi.

Aðalheiður Héðinsdóttir sagði frá uppbyggingu á fyrirtæki sínu Kaffitári en fyrirtækið verður 25 ára í haust. Gerður Óskarsdóttir var með Orð til umhugsunar.

Fundarsetning Eftir að Gammakonur höfðu komið sér fyrir á notalegu kaffihúsinu setti Kristín Bjarnadóttir fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Hún byrjaði á að þakka Aðalheiði fyrir að taka á móti okkur. Hún talaði jafnframt um að við höldum áfram því markmiði okkar að kynnst konum sem hafa verið frumkvöðlar á sínu sviði. Síðan fór Kristín aðeins yfir dagskrá fundarins. Þá var nafnakall. Alls sóttu 32 konur fundinn. Kristín flutti einnig kveðjur frá nokkrum Gammasystrum sem sáu sér ekki fært að vera með á fundinum.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Víkar, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Jóhannesdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennsluk., Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Soffía Sveinsdóttir og Svana Friðriksdóttir.

Fyrirlesari kynntur Kristín Jónsdóttir kennslukona kynnti Aðalheiði Héðinsdóttur, frumkvöðul og stofnanda Kaffitárs en þær hafa þekkt í 30 ár. Aðalheiður er fóstura að mennt og frumkvöðull.

Aðalheiður bauð okkur allar hjartanlega velkomnar í Kruðerí Kaffitárs sem er eitt nýjasta kaffihúsið þeirra. Árið 1980 flutti Aðalheiður með eiginmanni sínum og þremur börnum til Madison í Wisconsin, þar sem þau bjuggu í nokkur ár. Í Bandaríkjunum kynntist Aðalheiður í fyrsta sinn gæðakaffi, áður hafði hún fyrst og fremst drukkið, eins og hún sagði, ódýrt iðnaðarkaffi. Hún vandi komur sínar á kaffihús sem bauð upp á úrvalskaffi, það fór svo að hún lærði fræðin á bak við kaffibaunir og allt mögulegt í sambandi við kaffigerð hjá kaffihúsaeigandanum. Þarna kviknaði hugmynd um að opna gott kaffihús á Íslandi þegar hún flytti heim. Aðalheiður keypti sér þær bækur sem hún komst yfir og fjölluðu um kaffi og kaffimenningu, hún sótti einnig námskeið um kaffigerð o.fl.

Fljótlega eftir að Aðalheiður flutti heim, keypti hún einfaldar græjur til að geta sett upp kaffibrennslu. Í haust verða 25 ár liðin frá því að hún stofnaði Kaffitár og hóf að selja fyrstu afurðir sínar, til að byrja með voru á boðstólum fjórar tegundir af kaffi sem hún seldi í verslanir og á veitingastaði. Framleiðsla Kaffitárs var vel tekið frá fyrsta degi. Markmiðið var að sem flestir fengju að njóta þess að drekka gott kaffi. Aðalheiður byrjaði smátt og af varfærni, öll fjölskyldan tók þátt í þessari uppbyggingu og var þetta nokkurs konar heimilisiðnaður fyrstu árin. Í dag starfar Andrea dóttir Aðalheiðar sem framkvæmdastjóri Kruðerí Kaffitárs.

Það var svo fimm árum eftir stofnun Kaffitárs að hún opnaði fyrsta kaffihúsið sitt en þá opnaði hún agnarsmáan "kaffibar" í Kringlunni. Tveimur árum seinna opnaði fyrirtækið nýjan stað og þá í miðbæ Reykjavíkur, nánar tiltekið í Bankastræti. Smám saman byggðist fyrirtækið upp, fleiri kaffihús voru opnuð, í dag eru þau orðin átta.

Fyrir ári síðan opnaði fyrirtækið Kruðerí Kaffitárs á Nýbýlaveginum í Kópavogi. Eftir að hafa opnað þann stað trúu aðstandendur fyrirtækisins því að þeir geti haldið áfram að byggja upp fyrirtækið Kaffitár. Hugmyndafræði Kaffitárs er ekki bara að bjóða upp á úrvals kaffi heldur vilja aðstandendur einnig geta boðið upp á hollt og gott meðlæti á kaffihúsunum. Það er nýbúið að ráða unga og áhugasama bakara og kokka til fyrirtækisins. Í kaffihúsinu Kruðerí Kaffitárs er bakarí og lítið eldhús en þar er einnig aðstaða til rannsókna á kaffi og til daglegrar smökkunar. Þessi aðstaða er notuð fyrir námskeið og fyrir kaffibarþjóna Kaffitárs til að æfa sig í list sinni.

Fyrstu ár Kaffitárs var mjög lítil þekking á kaffi og kaffigerð á Íslandi. En fyrirtækið hefur alltaf lagt sig í líma við að þjálfar og fræða starfsfólk sitt. Áhersla var lögð á að hver og einn kaffibarþjónn væri svo vel að sér í kaffigerðinni að hann næði því að bestu eiginleikar kaffisins kæmust til skila.

Fyrirtækið setti á fót Íslandsmót kaffibarbjóna en á þessum árum varð til ný stétt þ.e. kaffibarbjónar. Árlega taka kaffibarbjónar Kaffitárs þátt í Íslandsmóti kaffibarbjóna. Aðalheiður er afar stolt yfir að hafa tekið þátt í að búa til stétt kaffibarbjóna á Íslandi.

Það er ljóst að kaffið í kaffihúsum Kaffitárs er brennt með hjartanu og borið fram af mikilli þekkingu, Fyrirtækið hefur svo sannarlega markað spor í sögu kaffiframleiðslu á Íslandi. Kaffihús fóru að verða almennari og í dag er óvenju mikið af góðum kaffihúsum á Íslandi. Aðalheiður sagði að í Bandaríkjunum væri verð á sambærilegu gæðakaffi helmingi hærra en á Íslandi.

Eftir fyrirlestur Aðalheiðar var okkur boðið að skoða bakaríið og kennslurýmið sem er á annarri hæðinni fyrir ofan kaffihús Kruðerís.

Veitingar bornar á borð. Þá voru veitingar bornar fram. Í boði var ljúfeng súpa og gott brauð, á eftir var auðvitað boðið upp á gæðakaffi og dýrindis kökur.

Gerður G. Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir voru með Orð til umhugsunar. Þær kynntu nýútkomna bók, *Starfshættir í grunnskóla við upphaf 21. aldar*, sem Gerður ritstýrði. Bók þessi er hugsuð sem leiðarljós í þróunarstarfi fyrir kennara, stjórnendur og aðra stefnumótandi aðila. Í henni er lýst umfangsmikilli rannsókn á starfi grunnskóla hér á landi, rannsóknin fór fram á árunum 2009-2013. Um 40 fræðimenn komu að rannsókninni, höfundar draga upp ítarlega mynd af grunnskólum, tuttugu grunnskólar voru með í rannsókninni. Það sem m.a. var skoðað var: Viðhorf til námsins, námsumhverfið, skipulag og stjórnun, kennsluhættir, hlutur nemenda í skólasamfélaginu, tengsl við foreldra og grenndarsamfélag, nám í list- og verkgreinum og hvernig upplýsingatækni nýtist.

Niðurstöður leiddu í ljós að starfshættir skólanna mótuðust af viðhorfum sem almennt voru í samræmi við stefnu skólayfirvalda. Algengustu kennsluhættir voru bein kennsla í bekkjarstofu, sem var fylgt eftir með ýmiss konar einstaklings-verkefnum. Opin rými voru einkum í nýjustu byggingunum. Tölvubúnaður skólanna var nokkuð takmarkaður sem og nýting upplýsingatækni í kennslustundum. Viðhorf nemenda til náms og kennslu voru almennt jákvæð. Tengsl við foreldra fólust fyrst og fremst í foreldraviðtölum og rafrænum samskiptum fremur en þátttöku þeirra í skólastarfinu. Teymiskennsluskólar skáru sig töluvert úr; þar var meiri einstaklingsmiðun í kennsluháttum en í öðrum skólum, einnig var samvinnunám algengara; þar var einnig meira um þróunarstarf og starfsánægja almennt meiri.

Fundargerð lesin Svana Friðriksdóttir las fundargerð síðasta fundar sem var jólafundur, fundargerðin var samþykkt með lófaklappi.

Fundarlok Kristín þakkaði Aðalheiði kærlega fyrir þessar frábæru móttökur og fróðlegu kynningu, hún færði henni rós sem er tákn samtakanna í þakklætisskyni. Fundi var slitið klukkan 20:30.

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.